

Foreldrafélag Glerárskóla

Aðalfundur 5. september 2016.

Mættar: Aníta, Brynja, Vilborg, Silla og Líney. Einnig voru Eyrún skólastjóri og Sigríður Hreinsdóttir kennari mættar og 30 foreldrar.

- Aníta setur fundinn og biður Brynju að taka fundarstjórn.
- Aníta les skýrslu formanns og fer yfir starf stjórnarinnar veturinn 2015 - 2016.
- Þrjú stjórnarmeðlimir eru að hætta en það eru Aníta formaður, Líney ritari og Sigurlaug meðstjórnandi.
- Vilborg fer yfir skýrslu gjaldkera.
- Skýrsla formanns og skýrsla gjaldkera samþykkt með öllum atkvæðum fundarins.
- Ný stjórn kosin: Brynja, Alma og Vilborg sitja áfram og við bætast Rakel Jensdóttir, Atli Viðar Jónsson og Theódóra Anna Torfadóttir.
- Kosið í skólaráð: Sunneva hættir og Sesselja Ingibjörg Reynisdóttir kemur ný inn. Varamenn: Hólmfríður Þorsteinsdóttir situr áfram og einnig Elva Björk Gylfadóttir.
- Kosið í Umhverfisnefnd: Brynhildur Smáradóttir hefur setið í þeirri nefnd og Inga Steinlaug Hauksdóttir sem varamaður.
- Aðalfundarstörfum lokið.

Önnur mál

- Brynja nefnir kynningarfundina, tveir fundir búnir en hinir eftir. Á kynningarfundunum er kosið í bekkjaráðin. Stjórn foreldrafélagsins mun setja fund með bekkjaráðunum þegar þau eru öll fullskipuð. Á þeim fundi verður farið yfir reglur bekkjaráðanna og hugmyndir, sem bekkjaráðin geta nýtt sér, kynntar.
- Sigríður Hreinsdóttir kynnti vinaliðaverkefnið. Í framhaldinu voru svo umræður.

Fleiri mál ekki rædd og fundi slitið, Líney Elíasdóttir